

93
10. maí

AUGLÝSING

um eftirlitsgjald af fódurblöndum.

Samkv. 5. gr. laga nr. 63 31. maí 1947, um eftirlit með framleiðslu og verzlun með fódurvörur, hefur ráðuneytið ákveðið að ákvæði auglýsingar nr. 202 25. okt. 1947, um eftirlitsgjald af fódurblöndum, skuli gilda óbreytt árið 1950.

Atvinnumálaráðuneytið, 10. maí 1950.

Hermann Jónasson.

Torfi Þórðarson.

94
16. maí

REGLUGERÐ

um bann við eldi refa og minka í Skagafjarðarsýslu.

1. gr.

Bannað er að ala refi og minka í Skagafjarðarsýslu. Séu loðdýrabú rekin í sýslunni, er reglugerð þessi tekur gildi, skal dýrunum lógað tafarlaust, enda greiði sýslusjóður skaðabætur til eiganda, samkvæmt mati þriggja dómkvaddra manna.

2. gr.

Þegar er reglugerð þessi hefur tekið gildi, felur oddviti sýslunefndar hreppstjórum, hverjum í sínum hreppi, að rannsaka, hvort og hversu mörg loðdýrabú séu rekin í hreppnum. Geri hann síðan ráðstafanir til, að farið sé með þau bú, er til kunna að vera, svo sem fyrir er mælt í fyrstu grein.

3. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum frá 200—5000 krónum.

Reglugerð þessi, sem sýslunefnd Skagafjarðarsýslu hefur samið og samþykkt, er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 56 25. maí 1949, um eyðingu refa og minka, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 16. maí 1950.

Hermann Jónasson.

Árni G. Eylands.